**Íslensk hönnun: Hrafnhildur Svavarsdóttir**

## Berustykkjapeysa

**Stærðir:**
(4) 6 (8) ára

**Mál á peysu:**
Yfirvídd:(56) 60 (68) sm.
Sídd: (41) 44 (47) sm.
Ermalengd: (26) 29 (32) sm.

**Garn: Smart**
Dökkgrár 5870: (5) 5 (6) dokkur
Ljósblágrár 5830: 1 dokka

**Prjónar / fylgihlutir:**
Hringprjónn nr. 4
Sokkaprjónar nr. 4
Kaðlaprjónn
Merkihringir

**Prjónfesta:**
**10 sm = 19 L**

**Bolur:**
Fitjið upp (144) 156 (168) L. með dökkgráu á hringprj. nr. 4, og prjónið í hring stroff með köðlum þannig: 4 sl., 2 br., prjónið 2 umf. Prj. kaðla yfir sl. L., þannig; látið 2 L. á kaðlaprj. fyrir framan stk. prj. 2 L. sl. prjónið L. af kaðlaprj. Endurtakið þetta allan hringinn. Prjónið 3 umf. og endurtakið kaðlaprj. alls 4 sinnum. Endið með 2 umf. stroff.( 4 sl., 2 br. )
Látið merki í hvora hlið, þannig; látið merki, prjónið (74) 78 (84) L. látið hitt merkið. Prjónið slétt þar til bolurinn mælist (24) 27 (30 ) sm. frá uppfitjun. Látið 5 L. á prjónanælu prjónið (64) 68 (74) L. látið 10 L. á prjónanælu prjónið (64) 68 (74) L. látið síðustu 5 L. á prjónanæluna. Geymið bolinn og prjónið ermar.
**Ermar:** Fitjið upp (36) 42 (42) L. á sokkaprjóna nr. 4, prjónið stroff eins og á bolnum. Í fyrstu umf. eftir stroff er aukið í 2 L. undir miðermi þannig: Prj. 1 L. aukið í einni L. og prjónið áfram þar til 1 L. er eftir í umf. aukið þá í 1 L. og prj. 1 L. Prjónið 4 umf. og endurtakið útaukninguna alls (10) 10 (11)
sinnum = (56) 62 (64) L. á prjónunum
Prjónið þar til ermin mælist (26) 29 (32) sm. Látið 10 L. undir miðermi á prjónanælu, geymið ermina og prjónið aðra eins.
**Berustykki:** Sameinið ermar og bol þannig að erma og handvegslykkjur standist á= (216) 240 (256) L. á prjóninum. Prjónið (1) 5 (5) umf. sl. með dökkgráu. Prjónið **munstur** og takið úr samkv. **skýringarmynd.**
Þegar **munstri** lýkur er prjónuð ein sl. umf. með grunnlit og lykkjufjöldinn jafnaður í (84) 90 (96) L. Prjónið nú stroff með köðlum, gerið kaðla 3svar sinnum. Prjónið 2 umf. og fellið laust af með sl. og br. L. Gangið vel frá öllum endum.



2 L sl. saman m/  munsturlit
2 L. sl. saman með grunnlit
2 L. sl. saman munsturlit
2 L.  sl. saman með grunnlit